

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Við 1. gr.

- a. Á eftir 3. efnismgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:

Atvinnuleysisbætur samkvæmt ákvæði þessu skulu greiddar frá 1. nóvember 2008 til þeirra sem fullnægðu skilyrðum þess þegar á þeim tíma.

- b. Við bætist nýr liður sem orðist svo: Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svo-
hljóðandi:

Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst fullnægja skilyrði f- og g-liðar 1. mgr. 18. gr., sbr. einnig 20. og 21. gr., um stöðvun rekstrar hafi hann tilkynnt skattyfirvöldum um verulegan samdrátt í rekstri sínum sem leiðir til tímabundins atvinnuleysis hans. Hann skal gera grein fyrir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi mánaðarlega og skila virðis-
aukaskattsskýrslu samkvæmt skráningu hans í grunnskrá virðisaukaskatts. Staðfestingu skattyfirvalda um að tilkynning hafi borist þeim skal skila til Vinnumálastofnunar með umsókn um atvinnuleysisbætur.

Þrátt fyrir 1. mgr. er sjálfstætt starfandi einstaklingi heimilt að taka að sér tilfallandi verkefni samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta. Tekjur hans fyrir þau skulu koma til frá-
dráttar atvinnuleysisbótunum skv. 36. gr. og skal þá miða við frítekjumark að fjárhæð 100.000 kr. á mánuði við útreikning á frádrætti vegna tekna sjálfstætt starfandi einstak-
lings.

Láti sjálfstætt starfandi einstaklingur hjá liða að skila inn til skattyfirvalda skilagrein staðgreiðslu á eindaga og virðisaukaskattsskýrslu á gjalddaga fellur niður réttur hans til atvinnuleysisbóta frá þeim tíma er hann hefði átt að skila inn gögnunum til þess tíma er hann gerir fullnægjandi skil enda fullnægi hann jafnframt öðrum skilyrðum laganna.

Ákvæði þetta gildir til 1. maí 2009.